

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/589****2018/EES/54/19****frá 18. apríl 2018****um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi metanóli) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB <sup>(1)</sup>, einkum l. mgr. 68. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 16. janúar 2015 lagði Pólland málskjöl <sup>(2)</sup> fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin), skv. 4. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (hér á eftir nefnd málskjöl skv. XV. viðauka), í því skyni að hefja málsmeðferð varðandi takmarkanir í samræmi við 69. til 73. gr. þeirrar reglugerðar. Í málskjölnum skv. XV. viðauka var bent á að váhrif frá metanóli í rúðuhreinsivökva og menguðu alkóhóli skapi áhættu fyrir heilbrigði manna og lagt til að bannað verði að setja þau á markað. Málskjölin skv. XV. viðauka sýndu að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða á vettvangi Sambandsins.
- 2) Takmörkunin, sem lögð er til í málskjölnum skv. XV. viðauka, miðar að því að draga úr tíðni alvarlegrar metanóleitrunar hjá krónískum áfengissjúklingum í kjölfar neyslu, og neyslu endrum og sinnum hjá þeim sem eru ekki áfengissjúklingar, á rúðuhreinsivökva eða menguðu alkóhóli sem er notað sem ódýrt staðgönguefni fyrir alkóhól til neyslu. Einnig er búið við að takmörkunin komi í veg fyrir metanóleitrin í kjölfar inntöku á rúðuhreinsivökva og menguðu alkóhóli af slysi, þ.m.t. eitranir hjá börnum. Í málskjölnum skv. XV. viðauka og eftir samráð við almenning var greint frá eitrunartilvikum af völdum inntöku á rúðuhreinsivökva í sjö aðildarríkjum og dauðsföllum í a.m.k. tveimur aðildarríkjum.
- 3) Hinn 4. desember 2015 samþykkti áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar álit sitt þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að váhrif frá metanóli, sem er fyrir hendi í rúðuhreinsivökva og í menguðu alkóhóli, í styrk sem er meiri en 0,6% miðað við þyngd, hafi í för með sér áhættu á dauða, alvarleg augneiturhrif eða önnur alvarleg áhrif af metanóleitrin. Áhættumatsnefnd Efnastofnunarinnar greindi einnig frá því að tillögð takmörkun væri besta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að takast á við þær áhættur sem greinst hafa, bæði að því er varðar skilvirkni og framkvæmanleika.
- 4) Hinn 11. mars 2016 samþykkti nefnd Efnastofnunarinnar um félagshagfræðilega greiningu álit sitt á tillagðri takmörkun. Að því er varðar mengað alkóhól gat nefndin um félagshagfræðilega greiningu ekki lagt mat á félagsleg og hagræn áhrif þess að fella það undir tillagða takmörkun vegna skorts á félagslegum og hagrænum gögnum í málskjölnum skv. XV. viðauka og úr samráðinu við almenning. Að því er varðar rúðuhreinsivökva taldi nefndin um félagshagfræðilega greiningu að tillögð takmörkun væri heppilegasta ráðstöfunin á vettvangi Sambandsins til að takast á við þær áhættur sem greindust að því er varðar félagslegan og hagrænan ábata og félagslegan og hagrænan kostnað. Nefndin um félagshagfræðilega greiningu taldi í heildina að mismunur á landslöggjöf aðildarríkjanna gæti raskað innri markaðinum.
- 5) Haft var samráð við gagnaskiptatorg Efnastofnunarinnar vegna framkvæmdar meðan á takmörkunarferlinu stóð og tekið var tillit til ráðlegginga þess, þ.e.a.s. að fella vökva, sem eru notaðir til að afisa framrúður, undir tillögðu takmörkunina.
- 6) Hinn 28. apríl 2016 lagði Efnastofnunin álit áhættumatsnefndarinnar og nefndarinnar um félagshagfræðilega greiningu <sup>(3)</sup> fyrir framkvæmdastjórnina. Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu, á grundvelli þessara álita, að tilvist metanóls í rúðuhreinsivökva og vökva til að afisa framrúður skapi óviðunandi áhættu fyrir heilbrigði manna sem krefst aðgerða á vettvangi Sambandsins.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 99, 19.4.2018, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

(2) <https://echa.europa.eu/documents/10162/78b0f856-3751-434b-b6bc-6d33cd630c85>

(3) <https://echa.europa.eu/documents/10162/2b3f6422-ab4d-4b85-9642-ebe225070858>

- 7) Hagsmunaaðilar ættu að fá nægilegan frest til að gera viðeigandi ráðstafanir til að fara að tillagðri takmörkun, einkum til að unnt sé að selja birgðir og til að tryggja fullnægjandi samskipti innan aðfangakeðjunnar. Af þessum sökum ætti að fresta beitingu takmörkunarinnar.
- 8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. apríl 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætist við eftirfarandi ný færsla:

„69. Metanól CAS-nr. 67-56-1 EB-nr. 200-659-6	Skal ekki sett á markað fyrir almenning eftir 9. maí 2019, í rúðuhreinsi- eða afþingarvökva, í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,6% miðað við þyngd.“
---	--